



Menningarmálastofnun
Sameinuðu
þjóðanna



Katla
Hnatrænn jarðvangur
UNESCO



Um notkun merkis EGN og sérhannaðra merkja fyrir samstarfsaðila jarðvangsins

Katla UNESCO Global Geopark

Vörumerkið UNESCO Global Geopark getur skipt miklu máli fyrir jarðvangssvæði. Eftir því sem fleiri fyrirtæki starfa í jarðvöngum eru meiri líkur á raunverulegri byggðapróun á svæðinu.

Eftirfarandi skjöl eru byggð á leiðbeiningum fyrir notkun EGN (European Geoparks Network) merkisins hjá fyrirtækjum á svæðum Hnatrænna jarðvanga UNESCO í Evrópu. Gert var ráð fyrir svigrúmi einstakra jarðvanga til að sníða skjölin að sínum þörfum en eigi að síður skulu þau ætíð hafa í heiðri meginreglur EGN. Því hefur reglum Kötlu Jarðvangs um notkun merkis og stefnu verið skeytt við reglur EGN.

Eftir að fyrirtæki skrifar undir samning við jarðvanginn hefur það leyfi til að nota merki EGN og sérhannað merki Kötlu UNESCO Global Geopark enda felist í samningnum skuldbinding til þriggja ára um tilteknar áherslur. Á sama hátt skuldbindur jarðvangurinn sig til að kynna samstarfsfyrirtækið og bjóða kynningarefni og námskeið sem jarðvangurinn stendur fyrir.

Skjal þetta gildir sem hluti af samningi um notkun merkis EGN og sérstöku merki samstarfsaðila Kötlu UNESCO Global Geopark við undirritun samnings.

Ath.: Merki UNESCO og GGN (Global Geoparks Network) má ekkert fyrirtæki nota. Þau merki má Katla UNESCO Global Geopark einungis nota og þá hvorki á söluvarning né auglýsingar.

Verklagsreglur varðandi samningsgerð og skilyrði um notkun EGN merkis og sérhannaðs merkis samstarfsaðila Kötlu UNESCO Global Geopark til notkunar á vörum og þjónustu.

1. UMSÓKN

Fyrirtæki/Frumkvöðull kynnir sér skilyrði fyrir notkun merkjanna og sækir um leyfi til jarðvangsins til að nota EGN merkið og eftirfarandi merki Kötlu Geopark:



Fyrirtækið/frumkvöðullinn fyllir út [umsóknareyðublað](#) og sendir það á skrifstofu jarðvangsins og rafrænt á info@katlageopark.is. Á eyðublaðinu er gerð grein fyrir almennum einkennum fyrirtækisins og áherslum þess varðandi verndun og kynningu jarðminja, náttúru og menningar, tengsl við nærsamfélagið og áherslur í umhverfismálum. Í umsókninni gerir fyrirtækið/frumkvöðullinn grein fyrir áhuga sínum á samstarfi við jarðvanginn, hvers hann væntir af samstarfinu og að hvaða leyti samstarfið geti auðgað framþróun jarðvangsins.

2. MAT Kötlu Jarðvangs vegna leyfis á notkun merkjum Kötlu Jarðvangs og EGN

[Matsblaðið](#) er gátlisti fyrir matsmenn til að greina megineinkenni fyrirtækisins og þróunarmöguleika þess.

a. Meginskilyrðin fyrir undirritun samnings um notkun merkis á jarðvangsafurð eru eftirfarandi:

1. Fyrirtækið uppfyllir lagaskilyrði (starfsleyfi) og er ekki í sakameðferð.
2. Fyrirtækið stundar ekki sölu jarðminja (steinda eða steingervinga)
3. Fyrirtækið hefur þróað a.m.k. **eina jarðvangsafurð** eða **hefur upplýsingaskilti/miðstöð** á sínum vegum eða býður upp á ferðir eða þjónustu

tengt jarðvanginum . Matsmenn kanna gæði afurðarinnar og/eða fyrirbyggjandi upplýsingar.

Matsmenn á vegum jarðvangsins geta heimsótt umsóknarfyrirtækið til að meta vöruna. Hugsanlega gera þeir stutta skýrslu og tillögur um aðgerðir til að:

- (1) efla/bæta jarðvangsafurðina og
- (2) bæta/þróa upplýsingarnar um vöruna eða svæðið.

Sumar tillögur kunna að lúta að breytingum nú þegar og eru forsendur undirritunar samnings. Aðrar eru samningsmarkmið næstu þriggja ára.

b. Mat á umsókn jarðvangsfyrirtækis til að nota merki jarðvangsins og EGN

Starfsmaður jarðvangsins metur umsóknina og möguleika til framþróunar í anda jarðvangsins. **Undirritun samnings til að verða jarðvangsfyrirtæki er spurning um skuldbindingu.** Fulltrúi jarðvangsins heimsækir fyrirtækið til að ganga úr skugga um hvort almenn skilyrði eru uppfyllt. Að öðru jöfnu skal hér vera um að ræða fulltrúa jarðvangsins í EGN (Co-ordination committee).

Helstu markmið:

- (1) Kynning á jarðfræðiarfleifð,
- (2) Kynning á öðrum sérkennum svæðisins, náttúru og menningu,
- (3) Kynning á umhverfislegri sjálfbærni, og
- (4) hugsanlegri þátttöku í starfi EGN og Kötlu Jarðvangs.

Ef fyrirtækið hefur gert eða er að þróa jarðvangsafurðir, geta matsmenn gert tillögur til úrbóta á vörunum og/eða upplýsingum í þessu sambandi. Sumar kunna að vera til skamms tíma, áður en til undirritunar kemur. Aðrar tillögur feli í sér þróunarmarkmið til næstu þriggja ára. Matsmennirnir og fyrirtækið geta sameiginlega sett fyrirtækinu slík markmið og skrifa þau inn í samninginn. Nokkur markmið skulu tilgreind fyrir hvert ofantalinna fjögurra atriða.

3. SAMNINGUR

Samningseyðublaðið felur í sér almenn atriði sem fyrirtækið og jarðvangurinn einsetja sér að vinna að auk sértækra atriða sem ákveðin eru í heimsókn matsmannanna, en framkvæmdaraminn er í báðum tilvikum næstu þrjú ár.

Kostnaður – Árgjald 2017-2019

Sanngjarnt gjald verður innheimt til að standa kostnað af starfsmanni vegna umsýslu og sýnileika samstarfsfyrirtækisins á vegum jarðvangsins og markaðssetningar í framtíðinni.

Fyrsta samningstímabil (3 ár) verður með 50% afslætti frá gjaldskrá og skiptist þannig:

Fyrir samstarfsfyrirtæki sem skrá sig árið 2017 verður fyrsta samningsárið (2017) gjaldfrjálst, hálf gjald fyrir 2018 en fullt gjald árið 2019. Að loknu fyrsta tímabili er gert ráð fyrir að verðhækkun verði vísitölutengd og í samráði við hóp samstarfsfyrirtækjanna og vilja þeirra til átaks í markaðssetningu, aðkomu að uppbyggingu eða annarra umsvifa.

Verðflokkur 1. Sprotar og handverk

Verðflokkur	Velta	2017	2018	2019	Árgjald kr.	Hlutfallsgreiðsla af miljón:	Að meðaltali:
1.	Að 2M	0	7.500	15000	15000	1,5-0,75%	1,13%
2.	3-5M	0	20.000	40.000	40.000	1,33-0,8%	1,07%
3.	6-20M	0	45.000	90.000	90.000	1,5-0,45%	0,98%
4.	21-40M	0	75.000	150.000	150.000	0,71-0,38%	0,54%
5.	41-60M	0	100.000	200.000	200.000	0,49-0,33%	0,41%
6.	61-80M	0	150.000	300.000	300.000	0,5-0,38%	0,44%
7.	81+M	0	200.000	400.000	400.000	0,5% og lægra	0,43%

Önnur fyrirtæki á svæðinu:

Fyrirtæki eða starfsemi sem ekki er rekið né staðsett innan jarðvangsins en nýtir náttúru og innviði jarðvangsins í sinni starfsemi (t.d Hópförða fyrirtæki) getur gert styrktarsamning við Kötlu Jarðvang. Fjármagninu verður varið til reksturs jarðvangsins sem áfangastaðar með UNESCO gæðavottun og til faglegrar uppbyggingar og náttúruverndar. **Fyrirtækið gengst við umgengnisreglum jarðvangsins. Framlag, merki og vefslóð fyrirtækis verður gert sýnilegt á heimasíðu jarðvangsins.**

Styrktaraðili notar merkið Bakhjarl Kötlu Jarðvangs (Sponsor of Katla UNESCO Global Geopark) eftir styrktarupphæð:

„*Gold Sponsor of Katla Geopark*“ >1.000.000 kr á ári

„*Silver Sponsor of Katla Geopark*“ >500.000kr á ári

„*Sponsor of Katla Geopark*“ < 500.000 kr á ári

4. ENDURNÝJUN SAMNINGS

Að þremur árum liðnum frá undirritun samstarfssamnings heimsækja matsmenn fyrirtækið að nýju og fara yfir þann árangur sem náðst hefur á tímabilinu og fylla út eyðublaðið fyrir endurnýjun samnings. Um er að ræða Excel skjal með stigagjöf auk upplýsingagjafar um svæðið og vöruna. **Einungis gæðavörur ættu að fá leyfi til að nota merki EGN.**

Þegar um ferðabjónustufyrirtæki er að ræða er hugað að

- (1) kynningu á jarðminjum,
- (2) kynningu á sérstöðu svæðisins (Local Character), náttúru og menningu
- (3) aðgerðir í umhverfismálum, og
- (4) þátttöku í starfi jarðvangsins og EGN.

Árangur þarf að hafa náðst á hverju ofantalinna fjögurra sviða. Mælt er með því að fyrirtæki nái a.m.k. helmingi mögulegra hámarksstiga í hverjum flokki.

Lokaákvörðunin skal byggja á viðmiðum matsmannanna.

5. KRÖFUR TIL JARÐVANGSAFURÐA OG ÁHERSLUR UM NOTKUN MERKIS KÖTLU JARÐVANGS

Með því að leyfa notkun á merki Kötlu Jarðvangs með sérstökum merkingum á *jarðvangsafurð (Certificate/ Viðurkenning Katla UNESCO Global Geopark)* og *Jarðvangsfyrirtæki (Proud Partner of Katla UNESCO Global Geopark)* er dregin fram STAÐBUNDIN STARFSEMI og stuðlað að gæðum í handverki, sköpun og nýbreytni í náttúrutengdum atvinnuháttum og menningu (svo sem mat, handverk, tónlist, útgáfu o.s.fv.). Einnig er stuðlað að vernd og sjálfbærri nýtingu svæðisins og fræðslu almennings um jarðminjar, náttúruferðir og menningararf svæðisins.

- a. **Vörum eða þjónustu sem viðurkennd er af Kötlu UNESCO Global Geopark ættu að fylgja saga um uppruna þeirra og/eða tengingu við jarðfræði, náttúru eða menningu jarðvangsins.** Jarðvangsafurð skal vera merkt á skýran og skilmerkilegan hátt með upplýsingum um tengsl hennar við jarðminjar eða jarðsögu, eða útskýri tiltekið jarðfræðilegt hugtak. Þannig er æskilegt að jarðvangsvöru fylgi stuttur texti eða lítil saga um uppruna og/eða tilurð vörunnar, og tengsl vörunnar við jarðfræði/jarðvanginn á íslensku og ensku og e.t.v. um framleiðanda. Æskilegt er að varan styðji við umhverfisstefnu jarðvangsins og stefnu um sjálfbærni.
- b. Æskilegt er að varan/ þjónustan sé jarðvanginum til framdráttar og gestum til aukinnar upplifunar, fræðslu og/eða yndisauka á svæðinu og/eða hafi tengsl við náttúru og menningu svæðisins.
- c. Æskilegt er að einstaklingar/fyrirtæki leitist við að nota hráefni sem unnið er í jarðvanginum til matargerðar og geri grein fyrir uppruna hráefnanna í matseld sinni eða vörum. Sem dæmi gætu prentaðar diskamottur veitingastaða sýnt landsvæði jarðvangsins þar sem uppruni matvæla er merktur inn.
- d. Góð samvinna ætti að einkenna „Geopark starfsemi“ á svæðinu og sýnileiki á samvinnu og notkunar hráefnis annarra framleiðanda innan jarðvangsins. Einnig er hvatt til þess að tilgreina notkun hráefna ef þau eru upprunnin á Suðurlandi (Local Products) og/eða annars staðar á Íslandi (Made in Iceland).

- e. Leitast skal við að kynna svæði Kötlu Jarðvangs í heild sinni og aðra evrópska jarðvanga.
- f. Leitast skal við að kynna aðra jarðfræði-, náttúru- og menningartengda starfssemi innan jarðvangsins.

Gerðar eru eftirfarandi kröfur til **jarðferðamennsku (geo-túrisma)** undir merkjum Kötlu UNESCO Global Geopark, **Jarðvangsfyrirtæki merkt: „Proud Partner of Katla UNESCO Global Geopark“:**

- Leiðsögumenn eða ferðaskipuleggjandi sýni gott fordæmi varðandi sjálfbæra umgengi í náttúrunni og virðingu fyrir gildandi lögum um náttúruvernd.
- Jarðferðamennska (geo-túrismi) stundar sjálfbæra notkun á landinu, veldur ekki raski á jarðminjum né náttúru svæðisins og er stunduð með leyfi landeigenda þar sem það á við.
- Gestir eru fræddir um jarðfræði, náttúrufar og menningu svæðisins. Leitast skal við að hafa menntaða staðarleiðsögumenn og stuðla að endurmenntun og fræðslu starfsmanna til að gestir fái staðgóða fræðslu um menningu, jarðfræði og náttúru svæðisins.
- Staðkunnáttu heimamanna verði gert hátt undir höfði, staðkunnugir og fróðir leiðsögumenn/konur eru verðmætir fræðarar.
- Æskilegt er að staðkunnáttu heimamanna verði komið á framfæri til gesta þeirra og miðlað til íbúa jarðvangsins í gegnum auglýstar göngur/samkomur (t.d. í jarðvangsviku eða fræðslu til skóla). Slíkan mannauð og auglýstar ferðir skal tilgreinda í umfjöllun/auglýsingu um fyrirtækið (til dæmis „Local guide“ og „We contribute to community events of Katla UNESCO Global Geopark“).
- Stuðla að jarðferðamennsku (geo-túrisma) þar sem gestir upplifa ró og kyrrð og tengsl við náttúruna.
- Sótt verði um leyfi og farið verði eftir tilmælum landeiganda/jarðvangsins varðandi notkun fjórhjóra eða annarra ökutækja á viðkvæmum svæðum, hvort heldur vegna jarðminja, gróðurs eða dýralífs.

Gisting, kaffihús og veitingarstaðir falla einnig undir þennan lið og eru hvött til að mynda tengingar við náttúru og menningu svæðisins í gegnum útstillingar, ljósmyndir með upplýsingum um staðsetningu eða athafnir, list og önnur þjónustutengd atriði.

Aðilar og fyrirtæki sem nota merki Kötlu Jarðvangs virða almenn og sértæk lög um verndun jarðminja á svæðinu og lög um náttúruvernd og umgengnisreglur jarðvangsins. Til að viðhalda verndargildi náttúrunnar og stuðla að sjálfbærri nýtingu svæðisins hafa verið samþykktar eftirfarandi umgengnisreglur:



Umgengnisreglur Kötlu UNESCO Global Geopark

Náttúruvitund og náttúruvernd

- Enginn akstur utan vega.
- Göngum á merktum stígum og hlífum gróðri fyrir traðki.
- Stuðlum ekki að nýjum áningarstöðum eða slóðum á viðkvæmu gróðurlendi.
- Virðum jarðlægt fuglavarþ, forðumst að trufla viðkvæmt fuglalíf með því að ganga yfir eða nálægt þekktu varpsvæði.
- Hróflum ekki við bergföstum steindum né öðru í náttúrunni.

Menningararfleifð

- Röskum hvergi menningarminjum, hlöðnum veggjum né húsatóftum.
- Reisum ekki nýjar vörður.

Áhrif mannsins í landslaginu

- Virðum friðhelgi einkalífs þeirra er búa á svæðinu og vinnufrið þeirra sem stunda þar landbúnað.
- Gisting í tjöldum og farartækjum utan merktra tjaldstæða er óheimil.
- Truflum ekki upplifun annarra á svæðinu svo sem með látum eða drónum.
- Skiljum ekki eftir í náttúrunni saur né rusl, og leggjum okkar af mörkum til að halda náttúrunni hreinni.

*Skilgreining á orðinu jarðvangsafurðir

Jarðvangsafurðir eru vörur sem tengdar eru við jarðminjar (tengdar landslagi, bergi, steingervingum, steindum, lindum, ám, jökklum, eldfjöllum, ströndum, jarðskjálftum o.s.frv.). Einnig má tengja jarðvangsafurðir við náttúrufar innan jarðvangsins, tegundir sem þar finnast eða eru einkennandi og menningarminjar, sögu og hefðir svæðisins sem oft má rekja til jarðfræði þess. Jarðvangsafurðir eru heppilegar til að kynna jarðvanginn og efla innra hagkerfi svæðanna en einnig til að miðla þekkingu. Þannig má nota hverja jarðvangsafurð í þágu fræðslu og markaðsmála.

Dæmi um tegundir jarðvangsafurða

- **Jarðefni** (vatn, salt, leir o.s.frv.) sem hægt er að nýta á sjálfbæran hátt.
- **Staðbundin afurð sem tákn fyrir jarðminjar** (t.d. súkkulaði, sælgæti, leirvara, leikföng, seglar fyrir ísskápa, myndir, póstkort, bolir, púðar, dagatöl o.fl. með myndum eða lögum steingervinga, steinda, jarðmyndana, landslags o.s.frv.). Þessar vörur skulu vera framleiddar innan jarðvangsins eða nærumhverfi hans, helst með a.m.k. helmingi hráefna úr jarðvanginum eða endurunnum hráefnum.
- **Hvers konar staðbundin afurð sem tengja má við jarðminjar, búsetu sögu á svæðinu tengt jarðfræði og náttúrufari** (með útskýringu á tengslum vörunnar við jarðminjar), t.d.:
 - a. **Matvörur af landi eða úr sjó/vatni.**
 - b. „**Jarðréttir**“ (**Geofood**) á veitingastöðum: Matseðlar sem sækja innblástur í jarðminjar eða menningu svæðisins.
 - c. **Matarminjagripir** (Food artisanal products): Framleiðsluvörur eins og repjuolía, pasta, kex, verkað kjöt ofl. Æskilegt er að meirhluti innihaldsins sé upprunninn úr jarðvanginum eða nærumhverfis hans til að geta talist jarðvangsvara.
 - d. **Handunnir minjagripir og handverk** (Artisanal crafts) úr tré, keramik, leir, ull, beini, gleri ofl. unnin í jarðvanginum eða nærsvæði hans. Helst að meiri hluta náttúruleg afurð eða endurunnin. Mikilvægt er að geta þess ef hráefnið er úr jarðvanginum. Einnig ljósmyndir af svæðinu.
 - e. **Ferðir, ferðapakkar eða afþreying** sem felur í sér heimsókn á jarðvætti (geosite) jarðvangsins eða jarðfræðilegan/ náttúrufarslegan/ staðarmenningarlegan fróðleik. Titill þess gæti verið nafn lækjar, tinds, ár eða jarðfræðilega merkilegs staðar. Hér er átt við gönguferðir undir leiðsögn, tónlist, brúðuleikhús, kajakaferðir, köfun, yoga o.s.frv.